

Nd.

442. Frumvarp til laga

[208. mál]

um breyting á lögum nr. 90 1965, um tekjuskatt og eignarskatt.

Flm.: Matthías Á. Mathiesen.

1. gr.

Á eftir H-lið 10. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Arður af innlendum hlutabréfum.

2. gr.

Á eftir D-lið 20. gr. laganna komi nýr liður, svo hljóðandi:
Innlend hlutabréf.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Á undanförunum árum hafa átt sér stað umræður og skrif um gildandi lög um tekju- og eignarskatta og tekjustofna sveitarfélaga með sérstöku tilliti til atvinnufyrirtækja og afkomumöguleika þeirra. Hefur á það verið bent, hversu mjög skortir á það, að áður nefnd löggjöf sé þannig úr garði gerð, að almenningur hafi áhuga á að leggja fjármagn sitt í atvinnurekstur, nema þeir, sem eingöngu ætla sér að hafa af því atvinnu.

Jafnframt hefur verið sýnt fram á, hversu mjög það hefur háð atvinnurekstrinum, hversu eigið fjármagn atvinnufyrirtækjanna hefur verið lítið, og það oft og tíðum meginorsök lélegs árangurs í rekstri fyrirtækjanna.

Við breytingu þá, sem gerð var á skatta- og tekjustofnalögunum 1962, var stigið rétt spor í þá átt að efla atvinnulífið í landinu, en það sýnir sig, þegar á móti blæs, að betur má gera, því að fjárhagslega sterk og vel rekin fyrirtæki verða ævinlega grundvöllur blómlegs atvinnulífs.

Frumvarpi þessu, ef að lögum verður, er ætlað að vera spor í þá átt að hvetja almenning til þátttöku í atvinnulífinu með fjármagni sínu, svo og að gera undirstöðu atvinnufyrirtækjanna styrkari með auknu eigin fjármagni.